

Saga Reykjavíkur eftir Klemens Jónsson

Í þessum minnisatriðum úr bók Kl. J. er haldið stafsetningu hans. Vísad er til fyrri og síðara bindis með skammstöfununum I. b. og II. b.

Íbúaföldi. I. b. bls 89 og 90 „Urðu næstu ár á eptir einhver hin beztu ár þeirra (Stofnana Skúla Magnússonar). Um það bar mannhaldið 1962 órækt vitni; þá voru verkamenn við stofnanirnar æðri og lægri, og nemendur alls 95 manns. Aðrir íbúar í Reykjavík og hjáleigum voru þá 82, eða alls íbúar Reykjavíkur þá 177. Auk þess voru á Arnarhóli og hjáleigum, að tukthúsinu meðtöldu, 34 manns þar af voru 7 fangar. Í Hlíðarhúsum voru alls 39 manns, með öðrum orðum þá voru 250 íbúar í Reykjavík og næstu býlum“.

(4. jan. 1752 samþykkir konungur tillögur Skúla um „innréttingar“ eins og þær voru kallaðar í daglegu tali. 1786 var afráðið að selja verksmiðjurnar. 1799 var búið að selja allt og það ár var síðar unnið í verksmiðjununum).

Hinrik Scheel varð „Tugtmeister“ tukthússins í Reykjavík árið 1787 eftir að Gunnar stúdent Sigurðsson lét af því starfi. (Kl.J. bls 118 I.b.) „Eptir hann (Gunnar) tók við starfinu Hinrik Scheel, og kom hann að undirlagi stiptamtsmanns Levetzows beint frá Kaupmannahöfn í því skyni. Hann bjó hér síðan til dauðadags um 40 ár, og hafði ýmis störf á hendi. Hann leigði Elliðaárnar, þ.e. laxveiðina í þeim, í mörg ár, og var leigan optast 21 dalur. Hann var um mörg ár gestgjafi (KLUBVERT) og bakari, og þótti alltaf einn af merkustu borgurum bæjarsins, og verður hans síðar getið“ - - - „Scheel gegndi starfanum til sumars 1793. Honum var vikið frá stöðunni „for mislig Omgang med Tugthusets Penge“ segir Ólafur Stephánsson. Hann var Scheel auðsjánlega mjög mótfallinn“.

(Verzlun gefin frjáls við alla þegna Danakonungs 18. ágúst 1786. Jafnframt var 6 verzlunarstöðum, þar á meðal Reykjavík, veitt kaupstaðaréttindi).

(1783-1787 „Móðuharðindin“) (1785 Ákveðið að flytja biskupsstól frá Skálholti til Reykjavíkur)

Veitingahald í Reykjavík bls. 147. I b. „Nokkur hluti Hólaakotstúns var þó tekinn undan afnotarjetti kennaranna, því hann

var álitinn hentugur handa gestgjafa, er nauðsynlegt þótti að hafa bæði fyrir bæinn og í sambandi við skólann. Með brjefi til stjórnarinnar dags. 7. septbr. 1785 hafði Levetzow stiptamtmaður lagt til, að gistihús yrði sett á stofn í Reykjavík, þar sem skólapiltar gætu keypt sér mat og drykk fyrir hæfilegt verð, af drykk einungis öl og mysu, en ekki brennivín, til þess að koma í veg fyrir að skólapiltar venjist á að drekka. Þar átti einnig að vera hýsing fyrir ferðamenn. Gegn þessum skyldum átti gestgjafinn að fá til frjálsrar ábúðar þann hluta vallarins, sem varð afgangur við útmælinguna, og auk þess í eitt skipti fyrir öll 100 rdl. að gjöf frá konungi, og 300-400 dala lán, til þess að byggja hús og afla sér forða. Loks var væntanlegri ekkju heitinn rjettur til að framhalda veitingum, ef til kæmi. Voru miklar bollaleggingar um þetta mál, og kom svo langt, að Birni stúdent Jónssyni frá Stardal var orðin forstaða hússins, en hann afþakkaði, þegar á átti að herða. 1789 fékk Maddama Angel leyfi til veitingahalds, hjelt það nokkur ár síðan Gunnlaugur Sveinsson, og undir aldamótin varð H. Scheel veitingamaður, og bjó í gamla Klúbbnum. Ekki sjest, að hann eða mad. Angel hafi selt skólapiltum fæði, enda hefðu fæstir haft ráð á að kaupa þar fæði“.

Mad. Angel. I. b. bls. 139 „Mad. Angel var ekkja Rasmus Angel, er verið hafði verzlunarþjónn hjá Sunckenberg frá 1784, hún bjó í gömlu verksmiðjuhúsum nr. 5 og 6. síðar landfógetahúsi, nú Aðalstræti 16“.

Bls. 143. „Verzlunarþjónar voru Rasmus Angel og Runólfur Klemensen. Angel varð skammlífur (+1785), en ekkja hans bjó hér eptir nokkur ár, og hafði mikla garðrækt, og lánaðisthún mætavel, og tóku aðrir eptir henni. Hið danska landbúnaðarfelag lagði verðlaun við allskonar framkvæmdum, bæði að því er landbúnað og garðyrkju snertir. Náðu þau verðlaun einnig til Íslands. Árið 1792 hlaut mad. Angel slík verðlaun fyrir garðyrkju. Er garðyrkju hennar lýst á þessa leið. „Maddama sáluga Angels ekkja í Reykjavík, hefur tilbúið sjer nýjan aldingarð, umhengdan með 53 garðföðum, og afmarkaðan í 6 höfuðreitum, og þar í plantað jarðepli, síkr-ertur, hvítt og grænt kál, einnig Savoya- og blómkál, rauðar beðjur (rætur) pastinokkur, ýmislegar rófur og rætur, salat, spínökku, tymian, meriam, pjeturselju, graslauk og fleira, sem allt náði

góðum vexti. Af þessu hefur hún selt nokkuð innbúum staðarins, og farmönnum. Til vatnsveitingar hefur hún gert stóran farveg af grjóti, 26 álna langan. Fyrir þessa kostgæfni í aldingarðyrkjunni var henni dæmd önnur silfurmedalía felagsins í verðlaun (Rit lærdómslistafelagsins 13. b. 335).

Garðar Mad. Angels voru sennilega (bls. 144) uppundir Grjótaþorpið, fyrir sunnan Grjótagötu, því hún bjó í Lóskurðarstofunni, svokölluðu síðar“.

Mad. Angel. I. b. bls 96. 15 ágúst 1791 voru tvö hús stofnananna seld. „Annað, síðar landfógetahús kallað, keypti mad. Angel, og hélt þar veitingahús“.

Gunnlaugur Sveinsson borgari. I. b. bls 96 Seld hús stofnananna. „Þann 2. júlí 1793 voru enn tvö hús boðin upp“ nr. 2 er ekki var selt, og nr. 2, sítarahúsið, það keypti Gunnlaugur Sveinsson borgari“.

bls. 138 „Ahrentsen var líka skipstjóri. Hann byggði milli fyrrnefndrar lóðar og Páls Björnssonar Brechmanns, eða þar sem skemma reipslagarans hafði verið. 1793 eignaðist Guðlaugur (þannig ritað) borgari og „Vægtinspektor Sveinsson húsið, og rak þar verzlun og veitingar í nokkur ár“.

Mad Angel. I. b. bls 154. Sagt frá Paul Michael Finne landfógeta. Handa honum var keypt hús árið 1794, það var talið óhæft til íbúðar, er Finne átti að flytja inn í það. Hann bjó síðan í lóskurðarstofunni gömlu, er mad. Angel átti, er síðar var kallað landfógetahúsið, vildi hann að stjórnin keypti það handa sjer, og varð það úr, enda hafði mad. Angel aldrei borgað neitt í því. Þó var hann ekki ánægður með það. Lýsir hann húsinu átakanlega í brjefi til stiptamtsmanns, segir hann að öll herbergi sju full af raka, og svefnherbergið þó verst svo að svampur varð fullur af vætu, er honum varð strokið eptir veggjum og gölfum“.

Gamli Klúbburinn. I. b. bls. 166. – Thomas Henrik Thomsen varð um 1820 verzlunarstjóri í Flensborgarverzlun. „Hann varð síðast gestgjafi í gamla klúbbnum“.

Christian Ludvig Möller. I. b. bls. 168. „Þriðji bróðirinn var Christian Ludvig kvæntur Sigríði Magnúsdóttur beykis í sjóbúð Norðfjörðs. Hann var lengst af við verzlun, og að síðustu gestgjafi um mörg ár í Hafnarstræti. Hann var föðurfaðir Jakobs Möllers bankaepitirlitsmanns, og

móðurfaðir Arent Classens konsúls“. II. bindi bls 38. „Árið 1848 byggði Chr. L. Möller hús við Austurvöll. Það hús keypti 1851 Halldór Kr. Friðriksson, og bjó þar alla æfi (+1942) og ljét stækka það. Það er nú eign landsins, nr. 12 í Kirkjustræti.

Gamli Klúbburinn. bls. 168 I. bindi „Henrik Scheel, er áður hefur verið nefndur (ath. S.M. varð „Tugtmeister“ 1787) byggði rjett eptir aldamótin hús (nr. 31) (ath. S.M. vísað til teikningar), þar sem litunarhúsið hafði staðið, syðst við endann á Aðalstræti og rak þar bakaraíð og veitingasölu. Var hús þetta kallað Scheelshús eða „Klúbburinn“, og enn síðar „gamli Klúbburinn“, og stóð nokkur hluti þess húss fram með Tjarnargötu til ársins 1916, er „Herkastalinn“ nýi var byggður. Eftir dauða hans (1828) hafði Reykjavíkurlúbbur umráð eða eignarhald á húsinu og hafði þar samkomur sínar. Þar voru fyrir fjelagsins hönd ýmsir forráðendur, svo sem mad. Guðný Möller, mad. Sire Ottesen, Peter Maach, Th. H. Thomsen og fleiri, eins og síðar kemur fram“.

Jón Laxdal. I. bindi bls. 169 „Jón Laxdal hafði veitingasölu í húsi, er fyrst var kallað „Klúbbur“, en síðar „gamla fyrirjettarhúsið“ (nr. 23 á teikn.), þar sem Thorvaldsens Bazar er nú. Þá var Austurstræti ekki til, og varð ekki að ráði fyr en undir 1840, og var þá kallað Langastjett. Jón Laxdal átti danska konu, var fremur drykkfeldur og farnaðist því lítt hjer, hann sigldi síðan og settist að ytra“.

Grímur Laxdal. „Grímur bróðir hans (+1812) hafði veitingar í Skálanum (nú Grjótagötu 4) og fleira hafði hann fyrir stafni“. bls. 170. „Skálann eignaðist um 1810 Benedikt Gröndal yfirdómari, og var Skálinn þá nefndur Gröndalsbær, en að Gröndal látnum seldu erfingjar hans (1830) kaupmanni Chr. Jacobsen húsið“.

Sire Ottesen. I. b. bls. 172. Þorkell Guðmundsson Bergmann eignaðist íbúðarhús forstjóra stofnananna austanvert við Aðalstræti, rétt norðan við gamla kirkjugarðinn. Húsið var síðar kennt við Þorkel og nefnt Bergmannsstofa“. Laundóttir hans Sire Lise, almennt kölluð Sire, og eptir að hún giptist, madama Sire Ottesen, því hún giptist barnung Lárusi Oddssyni notarius Stefánssonar „Ottesen“. Madama Ottesen var einhver nafntogaðasta kona í bænum allan fyrri hluta aldarinnar. Hún var fædd í Kaupmannahöfn 1800 (d. 26. jan. 1878), og mun aldrei hafa lært íslensku almennilega á barnsaldri, því málfari hennar var jafnan

mjög dönskuskotið, allt hálfðanska, er hún þýddi jafnóðum á íslensku, og eru margar sögur til um hana. Hún lifði aðallega á veitingasölu, og var þá opt suksamt í húsum hennar. 1835 dvaldi hjer um vetrartíma enskur aðalsmaður, að nafni Arthur Dillon, þá ungar að aldri. Hann bjó hjá maddömu Ottesen, og átti dóttur með henni, Henriettu að nafni, síðari konu P. Lewinsens factors í Keflavík og Reykjavík. Dillon vildi eiga maddömunu og sótti um leyfi til þess til cancellisins, að mega kvongast henni án svaramanns. En því var neitað, meðal annars vegna stöðu hans á Englandi. Til sárabóta ljét Dillon byggja húsið nr. 2 í Suðurgötu, og gaf henni það, og þar hafði hún veitingar og píuböll, og verður enn getið. Húsið í Suðurgötu stendur enn óbreytt. (S.M. þegar Kl. J. ritar bók sína).

Vigdís Waage. Bakarahuísið var vestan húss þar sem nú er nr. 20 við Austurstræti. Vestan Bakarahuíssins var lítið hús, sem nefnt var Jordemoderhúsið vegna þess að um skeið bjó þar ljósmóðir bæjarins. Kl. J. I. b. bls. 179 „1864 eignaðist Vigdís Waage húsið, og hafði þar veitingar. Þetta hús var rífið og steinhús byggt á grunni þess við Austurstræti 18. bls. 277 „1864 eignaðist Vigdís Steindórsdóttir Waage húsið og hafði þar veitingar, og þótti þar ærið suksamt. Þar bjó Sverrir Runólfsson steinhöggarvi“.

„Klúbburinn“ I. b. bls. 190-191. Frá því segir að um aldamótin 1800 hafi svonefndir „klúbbar“ tíðkast meðal heldra fólks, einkum á Englandi. Margir höfðu horn í síðu klúbbanna, töldu þá gróðrarstíu óheppilegrar pólitískrar starfsemi, leti og lausungar.

„Þrátt fyrir þennan ímugust, eða ef til vill einmitt vegna hans, því frelsalda gekk þá yfir þjóðirnar, blómgúðust klúbbarnir vel, og enginn þótti reyndar maður með mönnum nema hann væri í einhverjum klúbb. Það var því næsta eðlilegt, að þeir borgarar, einkum hinir dönsku, sem þekktu klúbbalíf annarsstaðar frá, söknudú þess. Þeir stofnuðu því „klúbbselskap“ hjer árið 1815. Formenn voru Ole Biörn, annar lögregluþjónninn, og Jóhannes Zoëga elzti fyrrum tugthúsmeistari, en meðlimirnir voru: Sigurður Guðlaugsson þá verzlunarstjóri H. Kragh, hinn lögregluþjónninn, Nikulás Sigurðsson verzlunarmaður, Jón Bergström sigldur snikkari, afbragðs smiður en drykkfeldur í meira lagi. Bjarni Lindberg sigldur járnsmiður, sem fyrr getur. Hans Wíngaard Richdal (+1815), norskur maður var skósmiður en gaf sig að ýmsu öðru, og

tók mikinn þátt í Reykjavíkurlífinu. „—, Einar Jónsson stúdent, er opt hefur verið getið (S.M. föðurbróðir Jóns Sigurðssonar, faðir Ingibjargar konu Jóns) Þetta voru helztu stofnendurnir. Upphaflega var þetta hreinn spila og drykkjuklúbbur, og var Frydenberg bæjarfógeta, sem var síðavandur maður, illa við þennan fjelagsskap. En með tímanum gengu ýmsir heldri borgarar bæjarins í hann, og varð hann þá einskonar skemtifélag fyrir bæinn. Var efnt til dansleikja, einkum á fæðingardeggi konungs. Ýmsir betri menn bæjarins fundu til þess, einkum eptir að bærinn tók að vaxa um 1830, að ekki væri sæmilegt að koma saman á fæðingardeggi konungs, landsföðurins til þess eins að jeta og drekka“. Hér segir svo frá ýmsum framfaramálum sem klúbbfélagar beittu sér fyrir og að í klúbbinn hafi ekki verið teknir nema heldri borgarar og gildir bændur. „För inntaka fram með kúlum. Það var stranglega bannað að þjónustustúlkur tækju þátt í barnadansleikjunum (sem haldnir voru eftir nýár). En þær höfðu sín sjerstöku böll hjá mad. Ottesen eða Hendrichsen pólitíþjóni“. Upphaflega var klúbburinn haldinn í húsi Gríms borgarar Laxdal. Klúbbnum átti að loka kl. 11 að kveldi, en það vildi bregðast. Hafði Grímur opt gesti í skjóli Klúbbsins, og sætti því áminningu fyrir. Grímur bjó þá í Skálanum og átti hann, þar voru böllin haldin. Þaðan fluttist Klúbburinn í hús hjónanna Scheel, er fyrr hafa verið nefnd, (Húsið var rífið þegar Herkastalinn var byggður S.M.) og var þar alla tíð síðan, enda húsið nefnt eptir honum. Klúbburinn hafði þar viss herbergi á leigu, og réði veitingamann eptir fráfall Scheels. Voru þar ýmsir veitingamenn svo sem mad. Guðný Möller (bls. 167 „Bræður hennar (S.M. frú Finsen) voru Hans Peter verzlunarmaður, er dó ungar en ekkja hans Guðný Gísladóttir „madama Gvöni Möller,“ lifði marga áratugi eptir hann, og hafði matsölu í litlu húsi á horninu á Austurvelli og Vallarstræti, og stóð það fram yfir aldamót 1900. Þar er nú stórhýsi Jóns Þorlákssonar. Guðný var merkiskona, en bar þess alltaf fullar menjar að hún var Reykvíkingur frá fyrri hluta aldarinnar“). madama Siri Ottesen, Ole F. Möller („kaupmaður alla æfi, ókvongaður) Th. H. Thomsen, P. Maack og fleiri. Árið 1843 var klúbbnum sagt upp herbergjunum, og þar sem hann þóttist ekki hafa í önnur hús að vanda, þá var ákveðið að selja allar eigur klúbbsins við uppboð og leysa fjelagið upp, Hafa innbyrðisdeilur og ósamkomulag

verið þess valdandi, eptir því sem fundabók fjelagsins, sem enn er til, líka að nokkru leyti bendir til.“ - Þessi bók er í Þjóðskjalasafni að því er Kl. J. telur.

Skv. því sem hér hefur verið endurritað virðist ekki hafa verið um að ræða almenna veitingastarfsemi í klúbbum gamla. Hins vegar virðist trúlegt að oft hafi þar aðrir þegið veitingar en þeir sem foru fullgildir og skráðir meðlimir.

Íbúatala í Reykjavík 1797-344
1801-457
1835-639
1840-890
1845-961

Ole Biörn, sem var skipaður lögregluþjónn, annar af tveim um 1803, Kl. J. I. b. bls 197 „Biörn var þá roskinn maður, á sextugsaldri, og hafði verið „undirofficeri“ í 20 ár. Hann var hjer lengi og allajafna drykkfeldur.“

Klúbburinn. Lýsing Arthur Dillons lávarðar frá dvöl hans í Reykjavík veturinn 1834-35 K.J. I. b. bls. 261. „Um veturinn komu 12 kaupmenn saman á hverju kvöldi (þ.e. í klúbbum) og spiluðu með lofsverðum áhuga frá kl. 6-12 og opt lengur, eitt einasta spil. Vissulega hef ég aldrei heyrt minzt á neitt annað spil heima en Ombre (L'hombre) Þessu spili veittu þeir óskipta athygli. Þeir höfðu aldrei augun af spilunum, nema þegar þeir kveiktu sjer í vindli, eða dreyptu á púnsglasinu og ekki mæltu þeir orð frá munni.

Hendrichsen lögregluþjónn um piúböllin Kl. J. I. bls. 262. „Dansleikina héldu þau madama Ottesen og Hendrichsen lögregluþjónn, hann ljek sjálfur á flautu. Annars hjelt Hendrichsen veitingahús með ráðskonu sinni mad. Börgesen eða Bagger sem hún var nefnd, án þess þó að mega selja áfenga drykki. En það braut hann iðulega, og var opt sektaður fyrir ólöglegar brennivínsveitingar.“

Einar Zoëga. Steinsenshús var byggt af Einari Jónassyni verslunarstjóra, sem var kvæntur Margréti Höskuldsdóttur. Kl.J. I. b. bls. 275. „Af syni Einars og Margrétar keypti Einar Zoëga húsið 1865. Einar var laungetinn sonur Jóhannesar yngri Zoëga, og var uppalinn hjá honum, fjekkst framan af við verzlun, og kvæntist þá Astríði Schram systur og fósturdóttur Helga biskups Thordersen. Þeirra sonur var Helgi kaupmaður. Þau hjón skildu og hóf Einar þá veitingasölu ásamt síðari konu sinni, Margrjetu Tómasdóttur frá Ráðagerði. Þetta hús, nr. 14 í Austurstræti, er nú komið að falli.“

Niels Jørgensen, Hótel Ísland. Kl. J. I. b.

bls 276 – „Jafetshús. Þar bjó Jafet Einarsson stúdent, og var gullsmíður. Hann var faðir þeirra Einars og Nikulásar verzlunarmanna. Þetta hús var á horninu á Aðalstræti og Austurstræti. Nokkru síðar, um 1845, flutti Jafet í Norðurbæ rjett hjá Dúkskoti, en R. P. Torgersen keypti húsið og bjó þar, og ljet byggja litla búð þar suður af við Aðalstræti. Um 1860 keypti húsið Niels Jørgensen, er komið hafði út með Trampe greifa sem þjónn hans og verið það lengi, og hóf þar veitingasölu, er hún stofninn undir Hótel Ísland“.

Íbúatala í Reykjavík

31. des. 1840 íbúar 890 manns

31. des. 1846 íbúar 1097 manns

Saga Reykjavíkur II. bindi út. 1929.

Rasmus Hansen Kl.J. II. b. bls. 36 og 37. „Í syðra húsinu, sem enn stendur óbreytt, hafa ýmsir búíð, svo sem Rasmus Hansen, kvæntur Ingibjörgu Jóhannsdóttur frá Hlíðarhúsum. Hann kom hingað fyrst sem farmaður á skipi frá Flensborg, en fatlaðist svo á hendi, að hann varð að hætta við farmennsku, og varð búðarþjónn við Flensborgarverzlun. Fjekk síðar leyfi til að hafa vindlaverzlun sjerstaklega, og var um hríð gestgjafi. Sonur þeirra var Morten Hansen skólástjóri (d. 1925).

Skandinavia. Kl. J. II. b. bls. 38-42. „Gamla klúbbfjelagið var lagt niður 1843, eins og fyrr segir, vegna húsnæðisleysis. Má ganga að því vísu að fjelagsmenn, er þá voru 49 að tölu, hafi kunnað þessu illa, þótt þeir auðvitað gætu sótt veitingahúsið á kvöldin og setið þar bæði að spilum og drykkju. Þar var því ofarlega í huga þeirra að koma upp samkomuhúsi, er um leið væri boðlegt gistihús fyrir útlendinga, er þá fóru sem óðast að koma hingað á sumrin. Það var því vafalaust að undirlagi þeirra, einkum C. FR. Siensen, að byggingameistari Schütte, er stóð fyrir endurbyggingu dómkirkjunnar, bjó til uppdrátt af stóru og mjög myndarlegu gistihúsi, er hann kallaði „Hotel du Nord“. Átti það að standa sunnanvert við stiptamtannshúsið. Var svo til ætlazt, að það yrði bygt fyrir hlutafje. Sennilega hefur þetta þótt of risavaxið fyrirtæki (húsið átti að kosta 6-7000 rdl.), því ekkert varð úr því í bráð. Hugmyndin um stofnun hlutafjels í þessu skyni fjell þó ekki niður, því rjett á eptir stofnuðu helztu kaupmenn, embættismenn og borgarar hlutafjelag, er þeir nefndu „Bræðrafjelag“. Hvert hlutabrfef hljóðaði á 50 ríkisdali og hlutafjeð var alls 5000 dalir, er var allt borgað. 1850 var bygt fyrir hlutafjeð hús í suðurenda Aðalstrætis,

fyrir norðan og vestan gamla klúbbinn. Varð það fyrst nefnt „nýi klúbburinn“. Húsið var sem næst ferhyrnt, 20x18 og tvílypt. Eptir lögun þess kallaði Sveinbjörn Hallgrímsson það „Okakerið“. Aðalforgöngumenn þessa fyrirtækis voru þeir M. W. Biering, C. FR. Siensen og R. P. Tørgesen. Fjelagið keypti einnig gömlu klúbbhúsin, er þá voru eign ekkju Th. H. Thomsen. Í nýja húsinu var stór samkomusalur, þar voru 4 spilaborð, er fjelagið átti, ennfremur átti það knattborð (Billiard). Veitingar höfðu á hendi fyrstu árin þau mad. Bagge og R. P. Hall, en fyrirtækið þreifst ekki, því veitingamaðurinn gat ekki borgað leiguna, og eigendur því hvorki borgað vexti til hluthafanna eða vexti af láni úr dómsmálasjóðnum. Árið 1855 varð fjelagið gjaldþrota og það svo greinilega, að hluthafar, er lagt höfðu 500 dali í fjelagið, fengu einungis 3% af hlutafjenu, og var húsið þá selt við uppboð ásamt gamla klúbbum, og slegið þeim Konsúl Biering, Edv. Siensen og Þorsteini Jónssyni fyrir 4800 rdl. Voru þá bæði húsin sameinuð í eitt og nefnd „Scandinavia“. Var gildaskálanum breytt af hinum nýju eigendum og hann endurbættur svo, að þar var ekki aðeins almennur veitingastaður til bornar bæði á mat og drykkjum, og til veisluhalda og dansleikja, heldur einnig gistingahús fyrir almenning, bæði æðri menn og lægri“. (Þjóðólfrur 8. árgangur 107). Rúmin kostuðu á gamla gildaskálanum, 8, 12 og 16 skildinga eptir gæðum en í nýja gildaskálanum, rúm í sjerstökum herbergjum fyrir einn mann, 2 mörk, og fyrir tvo menn (eða hjón) saman 3 mörk. Brennivínsstaup kostaði 2 sk. og kaffibolli 4-6 sk. (Þjóðólfrur 8 árg. 107). Öll samkynja veiting í hinum gamla gildaskála var með vægara verði en í hinum nýja, mest sakir betri húsakynna og betri húsbúnaðar í nýja húsinu. „Eigendur áskildu sjer sjálfum þau umráð yfir neðri stofunum í nýja húsinu, að þar safnist ekki nje komi saman til daglegra samsæta, eður samneytis við mat eður drykki, aðrir heldur en embættismenn og borgarar í bænum og utanbæjar; þó var hverjum þessara manna heimilt, ef sjerstaklega stóð á, að hafa með sjer í þær stofur einn eða fleiri af öðru tæi (!). ef þeir voru vel búnir, og þeir þekktir að siðsemi. En aðrir, er síður vildu sækja gamla gildaskálann, gátu jafnan átt kost á að koma saman uppi í loptsalnum í nýja gildaskálanum, hvar sömu voru veitingar og fyrir sama verð, sem í neðri stofunum“.

Er auðsjeð á þessu, að gamli klúbburinn er þá kominn í svo mikla niðurlægingu, að engir aðrir vildu sækja hann, en ræflar á

neðsta stigi mannfelagsins, enda höfðu þau Hendrichsen lögregluþjónn og madama Bagge barnsmóðir hans þá lengi gert þann garðinn frægan. Hendrichsen hvarf um þetta leyti 1856 aptur til Hafnar, og hafði þar nokkur eptirlaun úr bæjarsjóði, en þau hafa víst hrokkið skammt, því að hann lenti fljótlega á letigarðinum í Höfn, og þar mun hann hafa andazt, en madama Bagge var hjer eptir um nokkur ár, og lifði síðar í mestu örbirgð í Khöfn.

Eigendur Skandinavia höfðu veitingasala fyrir sína hönd. Var það allengi fyrrnefndur danskur maður Rasmus Peter Hall, er kvæntur var íslenzkri konu, Önnu dóttur Nörgaards skipherra og Sigríðar systur Helga biskups. Áttu þau mörg börn og marga afkomendur hjer í bæ og út um land. Var stöðugt ósamkomulag milli nágrannanna Hall og mad. Bagge. Hendrichsen dró hennar taum og kærði Hall iðulega fyrir nætursetur og aðrar yfirsjónir í veitingahaldinu.

Hótel Ísland. Kl. J. II. b. bls. 42. „Það mætti nú virðast, að eitt veitingahús hefði nægt í ekki stærri bæ en Reykjavík var þá, en bæði stiptamtmaður og bæjarfógeti voru þó sammála um, að þörf væri á öðru veitingahúsi, og var því Niels Jörgensen um 1857 veitt veitingaleyfi, og settist hann að í húsinu á horninu á Aðalstræti og Austurstræti, áður húsi Jafets Einarssonar og R. P. Tærgesen. Jörgensen hafði komið út sem þjónn hjá Trampe greifa, og mun hafa átt þeirri stöðu það að þakka, að hann fjekk veitingaleyfi. Hann var mjög duglegur maður, og rak veitingahúsið með miklum dugnaði og fyrirhyggju og efnaðist því vel, enda leið ekki á löngu áður en hann varð einn um hituna með veitingarnar, er Skandinavia varð sjúkrahús, eins og síðar segir. Rjett eptir 1870 kom hingað til bæjarins skozkur kaupmaður, W. Askam að nafni. Hann keypti hesta til útflutnings, og flutti ýmsan varning inn. Þessi Askam keypti sumarið 1870 öll hús Jörgensens ásamt öllum innanstokksmunum, vínbirgðum, í stuttu máli eignina eins og hún var fyrir 12000 rdl. Ætlaði Askam að byggja upp á lóðinni stórt veitingahús, fullnægjandi þeim kröfum er þá mátti gera, en það varð alt minna úr þessu. Eignin var aptur útlögð Jörgensen 1874, og ætlaði hann þá að framkvæma hugmynd Askams; sigldi árið eptir í því skyni, en varð undir sporvagni í Kaupmannahöfn og beið bana af. Ekkja hans hjelt áfram veitingum, og giptist bráðlega Johan Halberg, er þá var skipstjóri. Bygðu þau upp Hótel Ísland, allan austurendann; árið 1882.

Hótel Reykjavík. Ll. J. II. b. bls. 44 og 45. „Frá því segir að bræðurnir Einar og Nikulás Jafetssynir byggðu hús þar sem nú er nr. 15 við Vesturgötu. Síðar eignaðist Einar húsið, einn að því er virðist. Svo segir: „Nikulás bróðir Einars var fyrst við verzlun hjá Robb, en síðar gerðist hann veitingamaður í húsi því, er hann fjekk leyfi til að byggja 1868, næst fyrir vestan Einars hús. Var það lengi vel kallað „Hótel Reykjavík“, en þó stundum „Temperance hotel“. Mikill ágreiningur varð löngu síðar, um aldamótin, milli eigenda þessara tveggja húsa um landamerki; urðu dómstólarnir að skera úr þeirri þrætu. Hús þetta var illa byggt í fyrstu, en hefur síðan tekið miklum breytingum, en alla jafnan verið illa eða lítið hirt. Eptir andlát Nikulásar (1881) rak Einar Zoëga og síðari kona hans Margrjet Tómasdóttir frá Ráðagerði, veitingar í húsinu fram yfir aldamót, en síðan hefur það verið nokkurskonar ruslakista, eða hæli fátæklinga, sem ekki hafa getað holað sjer annarsstaðar niður. Nikulás gestgjafi átti Hildi Lýðsdóttur Magnússonar hreppstjóra á Lambastöðum, sem fyr segir. Þau hjón dóu bæði á unga aldri og höfðu almenningsorð á sjer“.

Gamla klúbbhúsið. Kl. J. II. b. bls. 47. Hér segir frá árinu 1866. „Þetta ár var Klúbbhúsið gamla við Tjarnargötu, rífið niður og bygð aftur lengja mikil en óásjálæg, er var rífin niður ásamt öllum klúbbnum 1915“.

Veitingahús í Tjarnarhólmanum. Kl. J. II. b. bls. 55. Búið er að segja frá beiðni um byggingu ískjallara sem bygginganefnd barst 1871. „Hin (beiðnin) var frá Sverri steinhögvara Runólfssyni um að mega byggja í Tjarnarhólmanum. Með því að beiðandinn gat þá ekki skýrt frá stærð eða lögun byggingarinnar, áleit bygginganefndin“ ekki gerlegt að gefa endanlega útvísun, en tjáði beiðandanum, að ef hann kæmi með uppdrátt til hússins, er nefndin gæti samþykkt, mundi frá hennar hendi ekkert verða því til fyrirstöðu, að stæði þetta sé útvísad til byggingar“. Sverrir ætlaði sjer að byggja þarna veitingahús og hafa þar hljóðfærslátt. Þar sem alt Reykjavíkurlífið var þá bundið við tjörnina á vetrum, þótti auðsætt, að aðsókn mundi verða mikil, en annars ætlaðist hann til, að það yrði einnig opið á sumrum, og trjebur lögg út í hólmann frá austurlandinu. Úr þessari hugmynd Sverris varð þó ekki, aðallega vegna fjeleysis hans. Sverrir var Skaptfellingur, og hafði lært steinsmíði erlendis, var hugsjónamaður, en alltaf fátækur, og kom því engu í framkvæmd“.

Geysir. Kl. J. II. b. bls. 75. „Um þetta leyti var stofnað hjer lítið blað (árið 1872), er hjer Tíminn (fyrstu blöð hans voru gefin út á Akureyri -). Ritstjóri þess var Páll Eysteinnsson gullsmíður og síðar gestgjafi í „Geysi“, húsinu beint á móti tukhúsinu“.

Scandinavia. Kl. J. II. b. bls. 84. - Sagt frá viðleitni til stofnunar sjúkrahúss og fjárframlögum til væntanlegs sjúkrahúss. „Þetta mundi þó hafa hrokkið skammt er kaupmaður Carl Siemsen (hinn yngri) frá Hamborg, hefði ekki gefið sjúkrahússtofnuninni veitingahúsið „Scandinavia“ og gamla klúbbhúsið þar suður af; var spítali svo stofnaður þar í ársbyrjun 1866, og var þar spítali síðan til ársins 1884“.

Íbúaföldi í Reykjavík
1846 íbúar 1097 manns
1850 íbúar 1149 manns
1860 íbúar 1444 manns
1870 íbúar 2024 manns

Hótel Reykjavík brann 15. apríl 1915. 18. ágúst 1886 á 100 ára afmæli Reykjavíkur var samsæti haldið á Hótel Ísland. - Hótel Ísland var byggt upp 1882.

Hjálpræðisherinn. Kl. J. II. b. bls. 198. „Herinn keypti Klúbbinn og hafðist þar við í mörg ár, unz hann ljet rífa húsið niður og byggja aptur upp úr steini 1916; eru þar bæði samkomur hersins og hýsingarstaður ódýr fyrir aðkomumenn“.

Hótel Alexandra. Rætt um Reykjavíkurlúbbinn, sem var stofnaður 1881. Kl. J. II. b. bls. 232. „Klúbburinn byrjaði tilveru sína á Hótel Alexandra, er reis upp um það leyti, sem klúbburinn var stofnaður. En er það lagðist niður, flutti klúbburinn yfir á Hótel Ísland, og síðustu árin var hann haldinn á Hótel Reykjavík, því er brann 1915“.

Hótel Hekla. Sagt er frá verzlunarhúsum Thomsens Kl. J. II b. bls. 239. „Gömlu józku húsin hafði O. P. Möller eignast eptir dauða Þorsteins Jónssonar, og rak þar litla en laglega verzlun. Eptir fráfall hans (1877) keypti M. Smith húsið, og ljet breyta því í veitingahús. Hotel Alexandra/Hekla, og var það rekið nokkur ár, síðan hafa þar verið einkaíbúdir, skrifstofur, rakarastofa og fleira“.

„Hermes“ („Café“ og „Conditori“) Kl. J. II. b. bls. 240. Sagt frá Þorláki O. Johnson. „Hann var kvæntur Ingibjörgu Bjarnadóttur, hreppstjóra frá Esjubergi, er átti húsið nr. 4 í Lækjargötu; hafði keypt það 1875. Þar stofnaði Þorlákur með tengdamóður sinni „Café“ og „Conditori“ „Hermes“, hið fyrsta hjer í bæ“.

Hótel Ísland. Kl. J. II. b. bls. 244. „Vöruhúsið

í Hótel Ísland. Það hús keypti józkur maður, Jensen Bjerg, af Goodtemplurum, og hafði búðir í vesturenda þess og rak þar stóra verzlun. Í austurendanum eru veitinga-dans- og samkomusalir. Gistihérbergin uppi á lopti hefur hann mjög endurbætt og sett reglulegan hótélblæ á húsið, sem áður vantaði alveg“.

Skjaldbreið. Kl. J. II. b. bls. 247. „Með vaxandi framförum í brauð- og kökugerð, hafa komið upp „konditori“. Hermes hefur fyrr verið nefndur. Helzt þeirra er Skjaldbreið í Kirkjustræti í sambandi við kökugerðarhús“.

Uppsalar. Kaffihús eru fjölda mörg í bænum; merkust eru: Hótel Ísland, Skjaldbreið og Uppsalar á horninu á Aðalstræti og Túngötu, er þær Hólmsfríður Ólafsdóttir Rósenkranz og Þórunn Finnsdóttir hafa veitt forstöðu í mörg ár“.

Skjaldbreið, Hótel Ísland. Kl. J. II. b. bls. 247. „Hótélum og gistihúsum hefur lítið fjölgað þrátt fyrir vaxandi íbúatölu og ferðamannastraum. Bærinn stendur þar í sama stað og um aldamótin, eða jafnvel var, þrátt fyrir fjórfalda íbúatölu. Þar er aðeins um Hótel Ísland að ræða, sem hefur verið bætt mjög, og Skjaldbreið“.

Hótel Hekla. Kl. J. II. b. bls. 247. „Nýlega hefur verið sett nýtt gistihús „Hekla í Thomsenshúsum“.

Hótel Reykjavík. Kl. J. II. b. bls. 247. „En bæði þessi hús (Hotel Island og Hekla) jafnast ekki á við Hótel Reykjavík, er kviknaði í og brann upp 1915. Það stórhýsi í Austurstræti höfðu þau hjón Einar Zoëga og Margrjet kona hans látið byggja 1906“.

Hjálpræðisherinn. Kl. J. II. b. bls. 247. „Það bætir um í þessu efni að Hjálpræðisherinn hefur byggt upp (1916) stórt og mikið gistihús fyrir almenning, og selur þar ódýra gistingu“.

Guðmundur Ámundason.

Guðmundur Jakobsson. Kl. J. II. b. bls. 247. „Einstakir menn hafa hýst innlenda ferðamenn og hesta þeirra, svo sem Guðmundur Ámundason og Guðmundur Jakobsson; hefur þetta talsvert bætt úr vöntun á almennu og ódýru gistihúsi. Tíðkast það því enn, að menn hola sjer niður hjá vinum og vandamönnum eins og áður fyr. Að því er gistihús snertir stendur Reykjavík langt að baki erlendum bæjum af líkri stærð“.

Íbúafjöldi í Reykjavík

1870 íbúar 2024 manns

1880 íbúar 2567 manns

1890 íbúar 3886 manns

1901 íbúar 6682 manns

1910 íbúar 11.593 manns

1920 íbúar 17.679 manns

1926 íbúar 23.224 manns ✱